



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Brekkuborg

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	4
3 Innra mat deilda	6
4 Innra mat sérkennslu.....	12
5 Innra mat – fjöltyngd börn	13
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	14
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	14
8 Foreldrasamvinna.....	15
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15
10 Fylgigögn.....	15
10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	15

Leiðarljós leikskólans er: Lýðræði, virðing, vinátta.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2021-2022 er að mörgu leiti sérstakt en ekki viljum við fá annað eins í framtíðinni. Covid takmarkanir settu svip sinn á starfsárið sem byrjaði með miklum væntingum um að nú væri þetta Covid ástand að verða búið. Veiran náði okkur – börnum, foreldrum og starfsfólki – í janúar og febrúar og ýmislegt féll niður í skólastarfinu síðastliðinn vetur s.s. samstarf á milli deilda, foreldrakaffi og samstarf milli skólastiga. Við bognuðum en brotnuðum ekki. Starfsfólk er orðið snillingar í skipulagningu með plani A, B og C.

Sett var ný hljóðeinangrun í loftið á öllum deildum og í loftið á fataklefa starfsfólks, sérkennslu herbergi, kaffistofu, undirbúningsherbergi og skrifstofu. Ein deild var tekin í einu og var salurinn notaður fyrir börnin á þeirri deild á meðan. Í sumarlokun 2022 er áætlað að setja gólfhita í fataklefa og starfsmannaðstöðu skólans.

Þann 1.apríl 2022 varð leikskólinn 30 ára og var haldin heljarinnar afmælisveisla með opnu húsi og góðum gestum enda engar Covid takmarkanir á þeim tíma.

Fram undan er skólaár með miklum væntingum um að nú gangi plönin eftir. Við höfum verið að ræða að nú sé réttur tímapunktur til að horfa til baka – fyrir Covid – og sjá hvað við viljum endurvekja og hvað við ætlum að skilja eftir í fortíðinni. Það sem við vitum nú þegar að við viljum taka með okkur er samvinna á milli deilda skólans og við munum endurvekja foreldrakaffi s.s. morgunverð á bóndadegi og síðdegiskaffi í tilefni af konudegi.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Margt fór öðruvísi en ætlað var í starfi skólans vegna Covid takmarkanna. Við ætluðum t.d. að efla samvinnu á milli deilda en þurftum að fresta því.

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðtöl	Einstaklings viðtöl	Starfsmenn	Nauðsynlegur þáttur í starfinu
Umhverfismennt	Umræðumat á starfsmannafundum	Starfsmenn	Helstu niðurstöður að áhugi barna hefur aukist og við ætlum að halda áfram að virkja börnin með.
Græn skref	Rætt á starfsmannafundum	Starfsmenn	75% náð
Vinátta	Rætt í barnahópum á öllum deildum	Starfsmenn og börn á eldri deildum.	Vinátta og samkennd hefur aukist en þetta er verkefni sem alltaf þarf að vinna að.
Lýðræði, raddir barna og sjálfsefning.	Barnafundir á elstu deildum og yngri börn hafa áhrif á val námsefnis.	Börn, foreldrar og starfsmenn	Börnin voru ánægð með að fá að taka eigin ákvarðanir og eru börn og foreldrar jákvæðari í garð leikskólans.
Samvinna á milli deilda - flæði			Ekki framkvæmt vegna Covid takmarkanna

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar	Vefkönnun	Starfsmenn	Flestir þættir lækkuðu lítilega á milli ára en liðir sem hækkðu eru: jafnrétti, móttaka nýrra starfsmanna, starfsánægja, sveigjanleiki í starfi og vinnuaðstaða.

Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Viðtöl	Starfsmannaviðtöl með áherslu á mannauð og dreifingu ábyrgðar	Leikskólastjóri og deildarstjórar taka starfsmenn í viðtöl	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Haust 2022	Vor 2023	Með einstaklingsviðtölum	Að allir starfsmenn hafi farið í viðtöl hjá leikskólastjóra og hjá deildarstjóra sinnar deildar. Viðtölin hafi fest sig í sessi
Uppeldis- og menntastærfr							
Græn skref	Innleiða skref 1 í Grænum skrefum Rvk	Gátlisti Grænna skrefa, framkvæmda áætlun	Umhverfisteymi Brekkuborgar	Septembar 2022	Janúar 2023	Gátlisti Grænna skrefa	Skref 1 í Grænum skrefum RVK hefur verið innleitt
Vinátta	Efla vináttu og samkennd í barnahópnum	Umræðuhópar barna. Fléttað inn í uppeldisstarfið	Deildarstjórar og allir starfsmenn	Haust 2022	Vor 2023	Ræða saman um vináttu bæði börn og starfsm.	Samkennd og vinátta barna hefur aukist
Lýðræði	Að börnin komi meira að ákvarðanatöku um nám sitt.	Barnafundir og viðtöl við börnin. Hvað hafa þau áhuga á að	Deildarstjórar og starfsmenn	Haust 2022	Vor 2023	Umræðuhópar barna og uppeldisfræðileg skráning.	Börnin koma meira að ákvarðanatöku um nám sitt



		læra og gera í leiksk.					
Mannauður/ Leikskólabragur							
Samvinna	Að deildir vinni saman og hafa flæði á milli deilda. Einu sinni í mánuði fram á áramótum og svo á tveggja vikna fresti.	Að flæðið sé sett inn í skipulag og starfsfólk vinni samkvæmt því.	Deildarstjórar og allir starfsmenn	Haust 2022	Vor 2023	Umræðumat á starfsdögum, deildarstjórafundum og deildarfundum	Aukið flæði og samvinna milli deilda
Innra mat							
Raddir barna og Sjálfsefning	Að börnin komi meira að ákvarðanatöku um námið sitt	Hitta börnin í umræðuhópum og einstaklingsviðtölum. Hlusta eftir hvað þau eru að segja í leik og starfi	Allir starfsmenn	Haust 2022	Vor 2023	Gátlisti menntastefnu um félagsfærni og sjálfsefningu. Barnafundur, einstaklingsviðtöl við börn. Skráning	Áhrif barna á uppeldisskólans hefur aukist

3 Innra mat deilda

Brekkulind og Brekkulyng

Þeir umbótaþættir sem við höfum sett okkur síðastliðið ár hafa ekki náðst að fullu af ýmsum ástæðum, því höfum við einsett okkur að halda þeim áfram. Við höfum haldið áfram að styrkja okkur í skráningum og ætlum að gera betur á næsta skólaári. Við höfum tekið ákvörðun um að halda okkur við þessa umbótaþætti vegna þess að deildarnar okkar endurnýjast að miklu leyti á hverju hausti. Við ætlum að bæta við könnunarleiknum fyrir yngstu börnin sem eru að byrja hjá okkur.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir	Októb er 2022	Maí 2023	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnih ópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Áhrif barna á lagaval	Börnin komi að lagavali í samveru	Hvert barn velur 1x í viku, munnlega eða myndrænt	Deildarstjóri og deildarstarfs menn	Októb er 2022	Maí 2023	Skráningar á heimagerð um blöðum	Að börn verði virk og sjálfstæð í vali
Reggio Eldri börnin á deildinni	Vinna áfram með hugmyndafræði Reggio í myndlist	Nýta áhugasvið barnanna og vinna verkefni til lengri tíma	Deildarstjóri og allir deildarstarfs menn	Haust 2022	Vor 2023	Skriflegar og myndrænar skráningar á ferli og þróun verka. Umræður við börnin	Að börnin þori að sýna frumkvæði í verkefnavali
Sjálfstyrking Að láta ljós sitt skína	Að börnin þori að koma fram og tjá sig	Samverustund, þar sem þau syngja, segja frá eða standa fyrir framan hópinn	Deildarstjóri og allir deildarstarfs menn	Haust 2022	Vor 2023	Safna gögnum yfir önnina, bæði skriflegum og myndrænum	Að börnin láti ljós sitt skína
Könnunarleiðir yngri börnin á deildinni	Að börnin kanni ýmis verðlaus efni á eigin forsendum	Skipulögð stund 1x í viku	Deildarstjóri og allir deildarstarfs menn	Októb er 2022	Nóvember 2023	Myndrænar og skriflegar skráningar	Að börnin læri að finna lausnir og að deila með sér hlutum og vinna saman.



Brekkulundur

Við vinnum í anda Reggio en megum bæta okkur í að hafa efniviðinn aðgengilegan og vinna eftir hugmyndum barnanna.

Frjáls leikur: Börnin eru orðin duglegri að velja sér féлага og verkefnin hafa enst lengur í leik sem þau hafa haldið áfram með þó önnur verkefni hafi komið inn í. Við erum ánægð með hvernig frjálsi leikurinn hefur þróast og verðum áfram með áherslu á hann næsta vetur.

Vettvangsferðir og hreyfing: Hreyfing í sal gekk mjög vel og hafa börnin mikinn áhuga á hreyfistundunum. Vettvangsferðir féllu meira niður en stefnan er að bæta það næsta vetur.

Málörvun: Gekk vel í vinnu með spil og lestur og viljum við halda áfram með þau verkefni næsta vetur. Finnum við fyrir miklum framförum í samvinnu og það að læra að bíða og taka tillit hefur aukist mjög. Mjög mikill áhugi hjá börnunum að spila.

Lubba stundir: Við höfum verið með Lubba stundir einu sinni í viku og börnunum skipt í þrjá hópa. En Lubbi gat ekki farið heim með börnunum í covid.

Við stefnum að sömu markmiðum næsta vetur og við ákváðum með síðasta vetur.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok ið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vinna í anda Reggio Emilia	Börnin fá frjálsan aðgang að efnivið inn á deild og listaskála.	Listavagn sé sýnilegur inni á deild og starfsfólk sé að hlusta á óskir barnanna	Deildarstóri er ábyrgðar aðili og svo sjá allir starfsmenn deildarinnar um framkvæmd.	september 2022	Maí 2023	Skráningar með myndum og könnunaraðferð.	Börnin verði örugg og meðvituð um aðgengi efniviðar og geti nálgast hann.
Lýðræði	Aukin þátttaka barna í samverustundum	Börnin velja lag í samverustund. Þ.e.a.s. það barn sem er veðurfræðingur velur lag og finnur út	Deildarstjóri er ábyrgðar aðili og svo sjá allir starfsmenn deildarinnar um	Sept. 2021	Maí 2023	Söfnum gögnum um þátttöku barna í samverustund.	Börnin verði örugg með sitt hlutverk í samverustundum eftir skólaárið.



		með aðstoð hverju skuli klæðast í útiveru.	framkvæmd.				
Frjáls leikur	Útvíkka leikinn og gefa þeim rými til að þróa leikinn.	Hjálpa þeim að útvíkka leikinn út frá þeirra hugmyndum og gefa þeim meiri tíma í að þróa leikinn.	Deildarstjóri er ábyrgðar aðili og svo sjá allir starfsmenn deildarinnar um framkvæmd	september 2022	maí 2023	Skráning og ljósmyndir úr starfi	Að börnin verði áhugasöm í að útvíkka leikinn
Vettvangsferðir og hreyfing	Vera með útikennslu og hreyfingu í sal.	Skoða náttúruna og upplifa breytingar á gróðrinum eftir árstíð. Gera skráningu eftir ferðirnar	Deildastjóri er ábyrgðar aðili og svo sjá allir starfsmenn deildarinnar um framkvæmd	Sept 2022	Maí 2023	Skráning og ljósmyndir úr starfi	Að börnin verði meðvitaðri um náttúruna og læri að sýna henni umhyggju og virðingu.
Málörvun	Að auka orðaforða og skilning barnanna. Að börnin læri stafina í nafninu sínu	Að nota spil og bækur til kennslu	Deildarstjóri er ábyrgðar aðili og svo sjá allir starfsmenn um framkvæmd	Sept 2022	Maí 2023	Metum börnin með Tras listanum og vinnum markvisst að því að börnin eflist við að tjá sig almennt í leik og starfi.	Að börnin séu ófeimin að tjá sig

3.3 Brekkulaut

Elstu börnunum var skipt upp í tvo hópa, hvor hópur fékk verkefnastund einu sinni í viku og gekk það alveg eftir. Við fundum fyrir miklum áhuga og framförum hjá börnunum þegar leið á veturinn. Yngri börnin fengu ekki eins markvisst hópastarf eftir áramót vegna aðstæðna sama má segja með skipulagðar hreyfistundir í sal sem voru ekki nægilegar markvissar eftir áramót.

Vettvangsferðir héldu sér að mestu og munum við halda þeim áfram markvisst næsta vetur. Börnin upplifðu marga í vettvangsferðunum, s.s. að bera virðingu fyrir umhverfinu, æfa grófhreyfingar og að

taka tillit hvers til annars og vinna saman í hóp þar sem þau lærðu að bera virðingu fyrir hvert öðru og vinna með hugmyndir hvers og eins.

Lubba stundir voru ekki nógu markvissar vegna aðstæðna. Það gekk betur eftir áramót og er Lubbi farinn að fara heim með börnunum. Hann er einnig orðinn meira sýnilegri inn á deild en Lubba stundirnar verða settar í hópastarf næsta skólaár og þær teknar líka fyrir í alstund.

Á Brekkulaut verða tveir árgangar næsta vetur og ætlum við að halda sömu markmiðum næsta skólaár þar sem við sjáum miklar framfarir í leik- og félagsamskiptum barnanna.

Umbætur verða nýttar, í að starfsfólk sé meðvitaðara að gefa börnunum tækifæri að þróa sig áfram í leik og starfi. Starfsfólk sé til staðar og hlusti á óskir barnanna og noti opnar spurningar svo börnin geti þróað óskir sínar og hugmyndir og þær framkvæmdar. Það sem við sjáum eftir veturinn að yngri börnin eru farin að sýna stöfum og bókum miklu meiri áhuga. Þau ganga betur um og bera meiri virðingu fyrir bókunum. Miklar framfarir urðu á áhuga barna í stafagerð í vetur og lestur bóka jafnt hjá yngri sem eldri. Börnin fengu mikinn áhuga á lego og einingakubbum þar sem byggingarnar urðu þróaðri og verður unnið áfram með það.

Leikurinn hjá börnunum hefur þróast í jákvætt félagaval þar sem allir geta leikið saman og allir fá að velja sér féлага. Hlutverkaleikurinn hefur þróast og stendur lengi yfir. Það er frábært að hlusta á samskipti barnanna í hlutverkaleiknum og sjá hvernig þau leysa úr deilum sín á milli og finna lausnir þar sem allir geta verið sáttir.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSP ÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vinna í anda Reggio stefnunnar. Könnunar – aðferðin,	Börnin fáí frjálsan aðgang að leikefni og efnivið inn á deild til skapandi leiks og hafi aðgang að sýnilegum efnivið í listaskála ásamt starfsmanni.	Listavag n sé sýnilegur inn á deild og starfsfól k sé meðvita ð að hlusta á raddir barnann aÞau velja sér félaga og saman finna þau sér leikefni og svæði til að vera á.	Deildarstjóri. Starfsmenn deildarinnar.	Sept · 202 2	Maí 202 3.	Skráningar með myndum og könnunaraðfe rð.	Börnin verði örugg og meðvit uð um aðgeng i efnivið ar og geti nalgast hann

Hreyfing.	Stefnt er að hafa hreyfistund einu sinni í viku fyrir öll börn á deildinni. Öll börn fá vettvangsferð einu sinni í viku.	Börnunum er skipt í hópa í sal þar sem starfmaður er með börnunum í hreyfistund. Vettvangs-ferðir nýttar í upplifun og grófhreyfingum í náttúrunni.	Deildarstjóri. Starfsmenn deildarinnar.	Sept 2022	Maí 2023	Skráningar á þar til gerð blöð. Ljósmyndir teknar og skoðaðar. Börnin fá að tjá upplifanir sínar.	Börnin sýni gleði með aukinni getu og þoli. Starfsmenn meti hreyfi getu 2 sinnum á ári.
Læsi og bækur	Vekja áhuga barna á bókum og hafa gott aðgengi að þeim og þau fá að velja bækur með starfsmanni. Ritmál sé sýnilegt. Markmið að eldri börnin geti skrifað nafnið sitt og yngri séu að byrja að leika með stafina.	Sögustundir eru hafðar tvisvar sinnum á dag. Almenn umræða um bókina. Börnin fá að koma með bækur að heiman. Börnunum er skipt upp eftir aldri í verkefnastundir	Deildarstjóri. Starfsmenn Deildarinnar.	Sep. 2022	Maí 2023	Skráningar á þar til gerð blöð þekking á stöfum haust og vor. Skrifa nafnið sitt einu sinni í mánuði. Börnin búa til sögur frá eigin brjósti og myndskreyta.	Börnin þekki og kunna að skrifa nafnið sitt, þau læri að meta bækur og umgangast þær.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan fór fram bæði einstaklings og í litlum hópum. Einnig fór hún fram í sérkennslurými og inni á deild og í öðrum rýmum leikskólans, allt eftir eðli kennslunnar. Skráning er gerð á heimagerðum blöðum útfrá markmiðum
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, Hljóm-2, AEPS, Orðaskil, Ísl. þroskalistinn, Félagsfærnigátlisti
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Námsefni var ýmiskonar, bæði heimagert og aðkeypt og aðlagð úr þeim efnivið sem til var á leikskólanum, t.d. Hljóðasmiðjur Lubba og Lærum og leikum með hljóðin. Spjaldtölvan var einnig mikið notuð og þá aðallega forrit eins og Bitsboard, Lærum og leikum með hljóðin, Froskaleikurinn, Orðagull, Chatterkid og Book creator.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að markviss málörvun fari meira fram innan deildar, vegna manneklu síðasta vetur tókst ekki eins vel að innleiða þennan þátt.	Að aðstoða deildar í að framkvæma markvissa málörvun innan starfsins fyrir þau börn sem þurfa enn frekari málörvun	Sérkennslustjóri aðstoði starfsmenn deilda enn frekar í að vera með markvissa málörvun innan deilda, geri áætlun og aðstoði við framkvæmd	Sérkennslustjóri og deildarstjóri viðkomandi deildar	Septemb er 2022	Maí 2023	Farið yfir áætlanir og skráningarblöð	Að börnin fái meiri tíma í markvis sri þjálfun og starfsfól k verði öruggari í þjálfun barna og að þjálfunin verði hluti af daglegu r starfi deildanna



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fer aðallega í kaup á námsgögnum sem notuð eru í málörvun, bæði á deildum og í almennu starfi sem og í sérkennslu.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Gefðu 10 er mikið notað og eru skráningarblöð á deildum þar sem skráð er hvaða starfsmaður hefur gefið hvaða barni 10 mín. Barnahópnum er einnig skipt í úti- og inniveru svo að það gefist enn meiri tími fyrir starfsmann til að sinna hverju barni, ekki eins mörg börn inn og úti í einu. Erum með þemaskipt ár og unnið markvisst með orðaforða hvers þema fyrir sig. Erum með Lubbastundir, Lubbahljóð og orð vikunnar, einnig með tákn (TMT)vikunnar.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Sögustundir eru mikið notaðar til að dýpka orðaforðann, rætt um söguna í lokin og orðaforði krufinn. Einnig notum við „loðtöflusögu“ þar sem myndin er fyrir framan barnið allan tímann á meðan sagan er sögð og krufin, barnið á þá auðvelt með að rifja hana upp þar sem allar myndir sögunnar eru fyrir framan barnið. Einnig er starfsfólk til staðar í frjálsa leiknum og í útiveru.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Einstaklingsáætlanir eru gerðar og skráning fer fram. Það matstæki sem við vorum að byrja að nota til að fylgjast með framförum er hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það er reynt eftir mesta megni að huga að öllum þáttum máls og börn eru hvött og aðstoðuð til að vera virk í öllu leikskólastarfi.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Festa í sessi markvissar málörvunarstun		Að hver deild festi í sessi markvissar málörvunarstundir í inniveru og í frjálsum leik	Deildarstjórar og sérkennslustjóri	sept	maí	Farið yfir skráningar vetursins á	Að börnin verði með



dir inni á deildum						deildarfundum	auknari orðaforða á íslensku
--------------------	--	--	--	--	--	---------------	------------------------------

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl:

Deildarstjórar tóku viðtöl við sitt starfsfólk á haustönn og svo aftur á vorönn. Stefnt er að sama skipulagi skólaárið 2022-2023

Leikskólastjóri tók starfsmenn í starfsviðtöl í júní 2022. Starfsþróunarviðtöl leikskólastjóra eru áætluð vor 2023.

Fræðsla 2021-2022:

- 3 starfsmenn fóru á námskeið í Miðgarði – Náttúruleg kennsla
- Sérkennslustjóri tók þátt í lærdómssamfélagi sérkennslustjóra og fræðslu til tengiliða fjölmennningar á vegum SFS
- 2 starfsmenn voru í fjarnámi við HA í leikskólakennarafræðum á haustönn 2021
- 1 starfsmaður var í námi við HÍ í leikskólakennarafræðum
- Aðstoðarleikskólastjóri tók þátt í forystunámi Reykjavíkurborgar á haustönn 2021
- 2 starfsmenn fóru á fyrirlestur um ADHD á vegum SFS
- Allir starfsmenn sátu fyrirlestur frá KVAN á skipulagsdegi þar sem Anna Steinsen ræddi um samskipti

Áætluð fræðsla 2022-2023:

- 2 starfsmenn stefna á 30 eininga nám við HÍ í sambandi við farsældarlögin
- 1 starfsmaður stefnir á að klára mastersritgerð á haustönn 2022
- 1 starfsmaður heldur áfram námi við HÍ í leikskólakennarafræðum
- 2 starfsmenn stefna á að taka réttindanámskeið í EFI málþroskamati
- 4 starfsmenn fara á Eccera ráðstefnu í Glasgow í ágúst 2022.
- Stefnt er að starfsmenn fari í námsferð erlendis 25.og 26.maí 2023

Starfsmenn Brekkuborgar eru mjög duglegir að leita sér fræðslu þegar góð fræðslutilboð bjóðast.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Vegna Covid takmarkana var lítið samstarf á milli skólastiga þetta síðastliðna starfsár. Á vormánuðum fóru elstu börnin þó í bekkjarheimsóknir og í frístundina.

Húsaskóli, Kastali (frístund) og Brekkuborg hafa verið í góðu samstarfi í gegnum árin og hafa verið gagnkvæmar heimsóknir á milli starfsstaðanna. Ekki er búið að setja niður skipulag fyrir skólaárið 2022-2023 en það verður gert samkvæmt venju í byrjun september 2022.



8 Foreldrasamvinna

Tveir foreldrafundir voru haldnir í september 2021.

Boðið er upp á tvö foreldraviðtöl á ári. Annað á haustönninni og voru þau flest tekin í gegnum síma. Hitt viðtalið er á vormánuðum og er það í leikskólanum.

Vegna Covid takmarkana féllu flestir foreldrakaffidagar niður en okkur tókst að hafa foreldrakaffi og opið hús föstudaginn 1.apríl 2022, á 30 ára afmæli skólans og einnig var foreldrum boðið í skróðgöngu og veitingar í tilefni af þjóðhátíð þann 16.júní 2022.

Aðal foreldrasamvinna fer fram í daglegum samskiptum.

Foreldraráð er starfandi við skólann

Foreldrafélagið Eik er starfandi við skólann.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Föstudagur 7.október 2022 – sameiginlegur dagur leik- og grunnskóla í Grafarvogi

Föstudagur 25.nóvember 2022

Mánudagur 6.febrúar 2023 - sameiginlegur dagur leik- og grunnskóla í Grafarvogi

Miðvikudagur 10.maí 2023 - sameiginlegur dagur leikskóla, grunnskóla og frístundar í Grafarvogi

Fimmtudagur 25.maí 2023

Föstudagur 26.maí 2023

Skóladagatal er sem fylgiskjal 10.2.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

10.2. Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal

F. h. leikskólans Brekkuborgar

Svala Ingvarsdóttir

30.6.2022

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2022 – 2023 **Brekkuborg**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Berglind A Zoega Magnúsdóttir

Gunnar Már Guðmundsson

Hlédís Sigurðardóttir

Vera Ósk Guðjónsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun Brekkuborgar er í heild sinni metnaðarfull og vel fram sett. Góð lýsing er á starfi vetrarins, þeim verkefnum og umbótum sem farið verður í á hverri deild starfsárið 2022-2023. Foreldraráð samþykkir skóladagatal leikskólans fyrir árið 2022-2023 en fyrirkomulag sumarlokunar fyrir árið 2023 verður ákveðið haustið 2022. Sérstakt hrós frá foreldraráði til stjórnenda og starfsfólks Brekkuborgar fyrir að leysa vel úr málum og að halda starfinu gangandi óslitið á sérstökum tímum vegna heimsfaraldursins Covid-19 starfsárið 2021-2022 og fyrir jákvætt viðhorf, sveigjanleika og aðlögunarhæfni. Það er von foreldraráðs Brekkuborgar að plön starfsársins 2022-2023 megi ganga sem best eftir og að aukið foreldrasamstarf og samstarf milli deilda megi blómstra og börnin með.



Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: Brekkuborg

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ													
1	M	Fridagur verslunarmanna	1	F		1	L		1	Þ		1	F	Fullveldisdagurinn - Jólastund með foreldrum	1	S	Nýársdagur	1	M		1	M		1	L	Brekkuborg 31 árs	1	M	Verkaþýðsdagurinn	1	F		1	L	
2	Þ	Sumarlökun BB	2	F		2	S		2	M		2	F		2	M		2	F		2	S	Pálmásunnudagur	2	Þ	Umferðavíka	2	F	Hópasilt í sal	2	S		2	S	
3	M	Sumarlökun BB	3	L		3	M	Foreldravíðtöl byrja	3	F		3	F		3	Þ	Umhverfisdagur	3	F		3	M		3	M		3	L		3	M		3	M	
4	F	Sumarlökun BB	4	S		4	Þ		4	F		4	S	2.sunnudagur í aðventu	4	M		4	L		4	Þ		4	F		4	S	Sjómanna dagurinn	4	Þ		4	Þ	
5	F	Sumarlökun BB	5	M		5	M		5	L		5	M		5	F		5	S		5	M		5	F		5	M	Umhverfisvíka	5	M		5	M	
6	L		6	Þ		6	F		6	S		6	Þ		6	F	Þrettándinn - Vasaljósdagur	6	M	Skipulagsdagur leik og grunn Grafarv. Dagur leikskólans	6	M		6	F	Skírdagur	6	L		6	Þ		6	F	
7	S		7	M		7	F	Skipulagsdagur leik og grunn Grafarv.	7	M		7	M		7	L		7	Þ	Dagur tónlistarskólans	7	Þ		7	F	Föstudagurinn langi	7	S		7	M	Skólasilt grunnskóla	7	F	
8	M		8	F	Dagur læsis	8	L		8	Þ	Baráttudagur gegn einelti	8	F		8	S		8	M		8	M		8	M		8	F		8	L		8	L	
9	Þ		9	F		9	S		9	M		9	F		9	M	Umferðavíka	9	F		9	F		9	S	Páskadagur	9	Þ		9	F		9	S	
10	M		10	L		10	M		10	F		10	L		10	Þ		10	F		10	F		10	M	Annar í páskaum	10	M	Skipulagsdagur leik og grunn og Fríst. Grafarv.	10	L		10	M	
11	F		11	S		11	Þ		11	F		11	S	3.sunnudagur í aðventu	11	M		11	L	Dagur íslenska táknmátsins	11	L		11	Þ	Vor og sumarþema hefst	11	F		11	S		11	Þ	
12	F		12	M	Umhverfisvíka	12	M		12	L		12	M	Srekkjastaur	12	F		12	S		12	S		12	M		12	F		12	M		12	M	
13	L		13	Þ		13	F		13	S		13	Þ	Giljagaur	13	F		13	M		13	M		13	F		13	L		13	Þ		13	F	
14	S		14	M		14	F		14	M		14	M	Stúfur	14	L		14	Þ	Dagur stærðfræðinnar	14	F		14	S		14	M		14	M		14	F	
15	M		15	F		15	L		15	Þ		15	F	Þvörusleikir	15	S		15	M		15	M		15	L		15	M		15	F		15	L	
16	Þ		16	F	Dagur íslenskrar náttúru	16	S		16	M	Dagur íslenskrar tungu	16	F	Póttaskefili - Jólalabí fyrir hádegi	16	M		16	F		16	F		16	S		16	Þ		16	F		16	S	
17	M		17	L		17	M		17	F		17	L	Askasleikir	17	Þ		17	F	14.30 Konudagskaffi	17	F	Rugludagur	17	M		17	M		17	L	Lyðveldisdagurinn	17	M	
18	F		18	S		18	Þ		18	F		18	S	Hurðaskellir --4.sunnudagur í aðventu	18	M		18	L		18	L		18	Þ	Barnamenningarhátíð 23.apríl	18	F	Uppstigningardagur	18	S		18	Þ	
19	F	Lokadagur 2016 árgangs	19	M	Hópastarf hefst	19	M		19	L		19	M	Skýrjarmur	19	F		19	S	Góa byrjar - Konudagur	19	S		19	M		19	F	Vorvítöl foreldra enda	19	M	Sólmánuður byrjar	19	M	
20	L		20	Þ	Foreldrafundur yngri kl.17	20	F		20	S	Dagur mannréttinda barna	20	Þ	Þjógnakrækir Gluggagægir Vetrarsólstöður Mörslugur byrjar	20	F	Þorri byrjar - Bóndadagur - Bóndakaffi - Þorralót	20	M	Bolludagur	20	M	Másvítöl byrja Jafndægur	20	F	Harpa byrjar - Sumardagurinn fyrsti	20	L	Skerpla byrjar	20	Þ		20	F	
21	S		21	M	Foreldrafundur eldri kl.17	21	F	Vetrarþema hefst	21	M	Vetrarþema hefst Yfir byrjar	21	M		21	L		21	Þ	Sprengidagur	21	Þ	Einmánuður byrjar	21	F		21	S		21	M	Sumarsólstöður	21	F	
22	M	Skólaþing grunnskóla Haustþema hefst	22	F	Háustmánuður byrjar Leikskólaráðsætla 1h	22	L	Fyrsti vetrardagur - Gormánuður byrjar	22	Þ		22	F	Gáttaþefur	22	S		22	M	Öskudagur	22	M		22	L		22	M		22	F		22	L	
23	Þ	Tvímánuður byrjar	23	F		23	S		23	M	Vasaljósdagur	23	F	Ketkrókur Þorláksmessa	23	M		23	F	Vetrarþema hefst	23	F		23	S		23	Þ		23	F		23	S	Heyannir byrja
24	M		24	L		24	M	Vetrarþema hefst	24	F		24	L	Kertasnikir Aðfangadagur jóla	24	Þ		24	F	Vetrarþema hefst	24	F		24	M		24	M		24	L	Jónsmessa	24	M	
25	F	Innanhúsaðlögun	25	S		25	Þ	Vetrarþema hefst	25	F	Skipulagsdagur BB	25	S	Jóladagur	25	M		25	L		25	L		25	Þ	Umhverfisdagur	25	F	Skipulagsdagur BB	25	S		25	Þ	
26	F	Innanhúsaðlögun	26	M	Evrópski tungumáladagurinn	26	M		26	L		26	M	Annar í jólu	26	F		26	S		26	S		26	M		26	F	Skipulagsdagur BB	26	M		26	M	
27	L		27	Þ	Umferðavíka	27	F	Bangsadagur	27	S	1.sunnudagur í aðventu	27	Þ		27	F		27	M		27	M		27	F		27	L		27	Þ		27	F	
28	S		28	M		28	F		28	M		28	M		28	L		28	Þ		28	Þ		28	F		28	S	Hvítasunnudagur	28	M		28	F	
29	M		29	F		29	L		29	Þ		29	F		29	S		29	M		29	M		29	L		29	M	Annar í Hvítasunnu	29	F		29	L	
30	Þ		30	F		30	S		30	M	Háustforeldravítöl enda	30	F		30	M	Tannverndarvíka				30	F		30	S		30	Þ		30	F		30	S	
31	M				31	M	Hrekkjavíkan				31	L	Gamlársdagur	31	Þ					31	F				31	M							31	M	